

Ed.

339. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrjár skólar á landi hér, er veita bændaeftum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji í Skálholti í Biskupstungum.

Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

2. málsg. sérákvæða um bændaskóla Suðurlands falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eina breytingin, sem með frumvarpi þessu er lagt til, að gerð verði á lögum þeim, er ákveða, að bændaskóli skuli reistur á Suðurlandi, er í því fólgin, að skólasetrið sé lögákveðið í Skálholti, í stað þess, að landbúnaðarráðuneytið ákveði skól-anum stað að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Eins og kunnugt er, tilnefndi Búnaðarfélag Íslands þrjá menn til að gera til-lögur um skólasetrið. En svo illa tókst til, að nefnd þessi klofnaði. Meiri hluti hennar, Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri og Jón Sigurðsson á Reyni-stað, tilnefndu Skálholt, en minni hlutinn, Guðmundur Þorbjarnarson á Stóra-Hofi, lagði til, að skólinn yrði reistur í Kálfholti í Ásahreppi.

Þannig var málið lagt í hendur landbúnaðarráðherra til ákvörðunar, og skal það viðurkennt, að aðstaða hans til fljótra úrslita var ef til vill torveldari fyrir það, að nefndin gat ekki orðið á eitt sátt. En þegar betur er athugað, virðist eigi hafa verið úr vöndu að ráða. Yfirsýn og þekking meiri hluta nefndarinnar til úrlausnar því máli, er henni var falið, mun enginn draga í efa. Auk þess fylgdi sá kostur vali þeirra manna, að héraðapólitíkin gat á engan hátt glapið þeim sýn. Um hinn mikil-hæfa bónda, er var þriðji nefndarmaðurinn, á hið síðarnefna hins vegar ekki við, og skal minnihlutaaðstaða hans eigi talin honum til ámælis. Hitt var aftur á móti ekki sem hyggilegast af Búnaðarfélagi Íslands að leiða hann í þessa freistni.

Hér var þannig að velja á milli Skálholts og Kálfhólts — og þeirra staða einna samkvæmt tillögum af hálfu Búnaðarfélagsins, og þótt Kálfholtið sé landrúm jörð og ýmsum kostum húin, munu hinir norðlenzku búnaðarfrömuðir eigi hafa tekið Skálholt fram yfir án gildra raka. Þeir, sem þekkja til, vita, hve þar eru miklir mögu-leikar til fjölbreyttra búnaðarframkvæmda, landrými, nógur jarðhiti og jörðin þrýði-lega í sveit komin, þegar hin fyrirhugaða Hvitárbrú hjá Iðu verður reist. Einnig ber að þakka nefndarmeirihlutann fyrir það, að þeir með tillögu sinni gerðu nokkra tilraun til að vekja metnað Sunnlendinga, er bent var á jörð til skólaseturs, sem sízt er óvirðulegri en Hólar í Hjaltadal eða Hvanneyri í Borgarfirði. — Að öllu þessu athuguðu virtist ekki úr vöndu að ráða. Er frumvarp þetta borið fram til stað-festingar á tillögum nefndarmeirihlutans. Það hefur og ýtt undir flutning frum-varpsins, hve langur dráttur er orðinn á ákvörðun þessari, og gæti samþykkt þess ef til vill leyst landbúnaðarráðherra frá því ómaki að verða að sinna nýjum tillög-um og uppástungum, er að honum kunna að beinast um skólasetrið, og gæti það allt endað með hreinum og beinum áróðri, ef málsákvörðun fær enn að dankast svona. Með slíku fengi handahófsniðurstaða byr undir báða vængi.

Séu einhverjir mótfallnir bændaskóla í Skálholti, vegna þess að staðurinn þurfi allur og óskiptur að varðveitast í þágu kirkju og kristnihalds, þá er engin ástæða til slíks. Í þau nál. 150 ár, sem liðin eru, síðan biskupsstóll lagðist niður á þessu merka höfuðbóli, hafa satt að segja fáir orðið til þess að hvetja til veglegrar endurreisnar á staðnum. Bændaskólamálið hefur fyrst orðið til þess að vekja marga til þeirrar umhugsunar, að eitthvað þurfi fyrir Skálholt að gera. Sunnlensk bændaeefni, er leit-uðu sér þar menntunar, mundu aldrei verða illgresi í akrinum. Í Skálholti er grunnur fyrir margar vistarverur og verkefni nóg. Ætti íslensk kirkja að verða fyrst til að leggja blessun sína yfir bændaskóla á þeim stað, og með framgangi málsins yrði jafnt á komið með hinum fornu biskupssetrum.

Jafnframt þessu er ástæða til að taka það fram, að verði bændaskólinn reistur í Skálholti, á bóndinn, sem hefur ábúðarréttinn og setur jörðina, er eigandi hygg-inga á staðnum o. s. frv., að sjálfsögðu riflegan bótarétt fyrir alla þá röskun, er skólafstofnunin mundi valda honum. En þess konar kæmi til greina, hvar sem skólinn yrði reistur.

Þess má geta, að tilboð, er landbúnaðarráðherra hefur borizt, um afhendingu Laugardælna í Flóa til bændaskólaseturs, hefur eigi fengið áheyrn hjá nefndum þeim á Alþingi, er leitað hefur verið umsagnar hjá um tilboðið. Mun sú synjun í sambandi við skilyrði þau, sem boðið var háð. Það mun því mega telja boð þetta á hinni ágætu jarðeign, Laugardælum, þar með úr sögunni og því ekki ástæða til að víkja nánar að því hér.

Skal þess svo vænzt, að tillaga þeirra Steingríms búnaðarmálastjóra og Jóns á Reynistað um bændaskólasetur í Skálholti verði staðfest á Alþingi með samþykkt frumvarps þessa.